

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 frá 23. maí 1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóði er heimilt að gefa út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2000 milljónum króna árlega næstu fjögur ár til sölu innanlands. Skal fénu varið til viðbótar fjárframlögum skv. vegáætlun til framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skuldabréfin eru verðtryggð eða gengistryggð og undanþegin framtalsskyldu, vextir og vinningar eru skattfrjálsir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík 25. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30/1970, um Húsnaðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 8. gr. laganna A-lið komi ný málsgrein, er verði 5. málsgrein og hljóði svo:
Húsnaðismálastjórn hefur einnig heimild til að veita lán til byggingar dagvistarheimila í eigu sveitarfélaga, launþegasamtaka og annarra félagslegra aðila, sbr.

3. gr. laga nr. 112/1976. Skal ráðherra með reglugerð setja ákvæði um fjárhæð slikra lána, lánstíma og tryggingar þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 8. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.

25. maí 1979.

Nr. 30.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 10. gr. falli niður.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

3. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattfyrirvald ákveður á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattfyrirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi renna til Byggingarsjóðs ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.